

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um kattahald í Fjallabyggð nr. 636/2012.

1. gr.

11. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Eigendum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, þ.e. frá 1. maí til 15. júlí, t.d. með því að hengja bjöllu á kettina og takmarka útiveru þeirra. Lausaganga katta er bönnuð frá kl. 20 til kl. 08 á þeim tíma.

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Fjallabyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 21. ágúst 2023.

F. h. r.

Íris Bjargmundsdóttir.

Trausti Ágúst Hermannsson.